

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
106. fundur.

Miðvikudaginn 8. júní 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.
3. Umræða um gjaldskrá fyrir heimapjónustu og leiguverð á íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins.
4. Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022.
5. Fundargerðir
 - a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 31. mars 2011.
 - b) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 30. maí 2011.
 - c) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 6. júní 2011.
 - d) Stjórnar Byggðasamlags um tónlistarskóla A-Hún, dags. 5. maí 2011.
 - e) Stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atv.mál, dags. 28. apríl 2011.
 - f) Aðalfundar Auðkúluheiðar ehf, dags. 2. maí 2011.
 - g) Aðalfundar Farskólans á Norðurl-vestra, dags, 11. maí 2011.
 - h) Stjórnar SSNV, dags. 12. apríl 2011.
 - i) Samráðsnefndar um uppgræðslu á Eyvindarst.heiði, dags. 12. apríl 2011.
6. Bréf:
 - a) Frá Sigurði Inga Guðmundssyni, dags. 10. 05. 2011.
 - b) Frá Aflinu, dags. 04. 05. 2011.
 - c) Frá SSNV, dags. 26. 04. 2011.
 - d) Frá Skólahreysti, dags. 1. maí 2011.
 - e) Frá Íþrótt- og ólympíusambandi Ísl. dags. 12. 05. 2011.
 - f) Frá Unglingadeild Björgunarfél. Blöndu, ódagsett.
 - g) Frá Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi, dags. 23. 05. 2011.
 - h) Frá foreldrum í Húnavatnshreppi, dags. 08. 05. 2011.
 - i) Frá foreldrum nemenda í 10. Bekk á Húnavöllum, dags. 30. 05. 2011.
7. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins:

Fundargerð menningar- íþrótt- og æskulýðsnefndar dags. 7. júní 2011, var tekin fyrir undir dagskrárlið 5 j). Fundargerð stjórnar Brunavarna A-Hún dags. 31. maí 2011, var tekin fyrir undir dagskrárlið 5 k).

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Farið yfir starfsmannmál. Auglýsa þarf stöðu leikskólakennara við leikskólann Vallaból. Auglýsa eftir starfsmanni á skrifstofu og endurnýja samninga við starfsfólk í eldhúsi.

Samþykkt var að loka fundi undir umræðu um launamál.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

106. fundur.

Fundur opnaður aftur eftir þá umræðu.

Kynnt erindi frá stjórn Textílseturs Íslands þar sem boðað er til fulltrúaráðsfundar þann 21. júní kl. 14.00 í Kvennaskólanum á Blönduósi. Sveitarstjóra falið að sitja fundinn sem fulltrúi Húnavatnshrepps.

Farið yfir stöðu mála varðandi útboð á skólaakstri. Tveir bjóðendur, sem buðu í sitt hvora akstursleiðina og voru með lágstu tilboði í þær leiðir, hafa kært þá ákvörðun Húnavatnshrepps að taka tilboði Egils Herbertssonar í allar akstursleiðir. Kærunefnd útboðsmála hefur ákveðið að stöðva samningsgerð þar til endanlega hefur verið skorið úr kröfum kæranda.

Samþykkt var að fresta seinni umræðu um endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011 fram yfir sumarfrí hreppsnefndar.

Kynnt var samkomulag milli Samb.ísl. sveitarfélaga og Menntamálaráðuneytis um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Kynntur samningur Landsvirkjunar og Húnavatnshrepps um störf ungmenna í sumar.

Samþykkt var að semja við Ingþór Kristmundsson um viðhald heiðagirðinga á Grímstungu- og Haukagilsheiði.

Stefnt er að því að semja við sömu aðila og áður um refaveiðar.

2. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.

Kjör oddvita til eins árs:

Þóra Sverrisdóttir var kjörin oddviti til eins árs með fjórum atkvæðum (MS, JS, IS, ÞS). Björn Magnússon fékk þrjú atkvæði (JEP, GRH, BM).

Kjör varaoddvita til eins árs:

Jakob Sigurjónsson var kjörin varaoddviti til eins árs með fjórum atkvæðum (MS, JS, IS, ÞS). Jóhanna E. Pálmadóttir fékk þrjú atkvæði (BM, GRH, JEP).

3. Umræða um gjaldskrá fyrir heimaþjónustu og leiguverð á íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins.

Samþykkt var að vísa gjaldskrá fyrir heimaþjónustu til fjárhagsáætlunar 2012.

Lögð fram eftirfarandi gjaldskrá yfir húsaleigu á íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins:

Skólastjórabústaður	72.000
Steinholt	74.000
Íbúð skólah. 1 hæð	45.000
Íbúð skólah. 2 hæð	45.000
Íbúð skólah. 3 hæð	19.000
Íbúð í skólah. (húsvarðaríbúð)	25.000
Íbúð í skólah. (ráðskonuíbúð)	10.000

Gjaldskráin gildir frá 1. júní 2011, nema hvað varðar starfsfólk Húnavatnshrepps, þá gildir gjaldskráin frá 1. sept. 2011. Gjaldskráin tekur breytingum í upphafi hvers árs samkv. vísitölu byggingarkostnaðar.

Samþykkt með fjórum atkvæðum (ÞS,MS,JS,IS) þrír sátu hjá. (BM, JEP,GRH)

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 106. fundur.

4. Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022.

Fyrirliggur sú ákvörðun umhverfisráðherra að fresta beri staðfestingu á þeim hluta aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010-2022 á því svæði þar sem ný veglína hringvegur svokallaða Húnavallaleið liggur, sbr. 2. og 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Að öðru leyti verður tillaga Skipulagsstofnunar að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 staðfest þegar sveitarstjórn hefur sent ráðuneytinu nýja skipulagsupprætti í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins um að fresta staðfestingu aðalskipulagsins að hluta. Í þessu sambandi er vísað til ákvæðis 4.23 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að auðkenna skuli þau svæði á skipulagsupprætti þar sem skipulagi er frestað og greina frá ástæðu þess í greinargerð. Í nýjum skipulagsupprætti ber því að auðkenna það svæði sem fresta skal staðfestingu á í hvítum lit. Í greinargerð með upprættinum skal gera grein fyrir ástæðum frestunar. Óskað er eftir að sveitarstjórn Húnavatnshrepps undirriti umrædd gögn og staðfesti að skipulagsuppráttur og greinargerð sé með sama efni og auglýst var af hálfu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 21. gr skipulags- og byggingarlaga, og í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á auglýstri tillögu, fyrir utan það svæði sem frestunin nær til.

Ákvörðun umhverfisráðherra verður kynnt fyrir landeigendum við Húnavallaleið.

Hreppsnefnd samþykkti að fresta ákvörðun um afgreiðslu aðalskipulagstillögunnar til næsta fundar.

5. Fundargerðir

a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 31. mars 2011.

Lögð fram til kynningar.

b) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 30. maí 2011.

Hreppsnefnd samþykkti tillögu fræðslunefndar varðandi skóladagatal fyrir skólaárið 2011-2012 og að kennslustundakvóti verði allt að 231 stund á viku.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps tekur undir athugasemdir fræðslunefndar varðandi ummæli og framkomu skólastjóra á skólaslitum Húnavallaskóla þann 26. maí s.l., sem fram koma í dagskrárlið 5. En telur við nánari athugun að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar í málinu þar sem skólastjóri lýkur störfum 1. ágúst n.k.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

c) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 6. júní 2011.

Hreppsnefnd samþykkti dagskrárlið 1. Hreppsnefnd samþykkti dagskrárlið 2. með þeim fyrirvörum sem fram koma í fundargerðinni. Hreppsnefnd samþykkti dagskrárlið 3. Hreppsnefnd samþykkti dagskrárlið 4. Magnús Sigurðsson vék af fundi undir dagskrárlið 5. Hreppsnefnd samþykkti dagskrárlið 5. með þeim fyrirvörum sem fram koma í fundargerðinni.

d) Stjórnar Byggðasamlags um tónlistarskóla A-Hún, dags. 5. maí 2011.

Lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atv.mál, dags. 28. apríl 2011.

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
106. fundur.

f) Aðalfundar Auðkúluheiðar ehf, dags. 2. maí 2011.
Lögð fram til kynningar.

g) Aðalfundar Farskólans á Norðurl-vestra, dags, 11. maí 2011.
Lögð fram til kynningar.

h) Stjórnar SSNV, dags. 12. apríl 2011.
Hreppsnefnd tekur undir eftirfarandi bókun stjórnar SSNV um hækkun á eldsneytisverði:

“Stjórn SSNV mótmælir harðlega stefnu stjórnvalda í skattlagningu á eldsneyti. Íþyngjandi áhrif á atvinnustarfsemi og lífskjör íbúa á landsbyggðinni eru með öllu óþolandi. Stjórnin telur aðgerða þörf strax.”

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Samráðsnefndar um uppgræðslu á Eyvindarst.heiði, dags. 12. apríl 2011.
Lögð fram til kynningar.

j) Menningar-íþróttá- og æskulýðsnefnd Húnavatnshr., dags. 7. júní 2011.
Fram kemur í fundargerðinni að stefnt er að því að halda íbúahátíð Húnavatnshrepps á Húnavöllum 11. ágúst nk.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Stjórnar Brunavarna A-Hún., dags. 31. maí 2011.
Rætt um klippumál. Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir þátttöku í kaupum á björgunarklippum fyrir Brunavarnir A-Hún. Gert er ráð fyrir að þær kosti um 4,4 millj. kr. plús vsk. Kannað verði með framlög hagsmunaaðila vegna kaupana. Samþykktin er með fyrirvara um samþykki annarra sveitarfélaga sem málið varða.
Kostnaði vegna kaupana er vísað til fjárhagsáætlunar 2012.

Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

6. Bréf:

a) Frá Sigurði Inga Guðmundssyni, dags. 10. 05. 2011.
Efni: Sigurður Ingi Guðmundsson segir sig frá setu í fjallskilastjórn Auðkúluheiðar.
E-listinn tilnefnir Sigurð Árnason sem aðalmann í fjallskilastjórn Auðkúluheiðar og Kristínu Rós Sigurðardóttur sem varamann í hans stað.

b) Frá Aflinu, dags. 04. 05. 2011.
Efni: Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins 2011.
Hreppsnefnd hafnaði erindinu.

c) Frá SSNV, dags. 26. 04. 2011.
Efni: 19. Ársþing SSNV
Lagt fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
106. fundur.

d) Frá Skólahreysti, dags. í maí 2011.

Efni: Styrkbeiðni að upphæð 50 þús kr. vegna verkefnisins.
Hreppsnefnd hafnaði erindinu.

e) Frá Íþrótt- og ólympíusambandi Ísl. dags. 12. 05. 2011.

Efni: Tillaga um stuðning sveitarfélaga við íþróttastarf.
Lagt fram til kynningar.

f) Frá Unglingadeild Björgunarfél. Blöndu, ódagsett.

Efni: Leitað er eftir fjárhagslegum stuðningi við starfsemina. Vinnuframlag unglingsdeildarinnar gæti komið á mótí.
Hreppsnefnd samþykkti að styrkja starfsemi unglingsdeildarinnar um 25 þús kr.

g) Frá Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi, dags. 23. 05. 2011.

Efni: Afrit af erindi til Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál varðandi styrkumsókn safnsins fyrir árið 2011.

Á fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps árið 2011 er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi frá fyrra ári, að upphæð 1. millj.kr.

Lagt fram til kynningar.

h) Frá foreldrum í Húnavatnshreppi, dags. 08. 05. 2011.

Efni: Varðar skólaakstur. Gerð er krafa um að ákvörðun um innáakstur verði endurskoðuð.
Erindið undirrita:

Turid Rós Gunnarsdóttir, Kristín Pálsdóttir, Pétur Pétursson, Sigprúður Friðriksdóttir, Þór Sævarsson, Óskar Guðmundsson, Hallfríður Ósk Óladóttir, Margrét A. Jóhannsdóttir, Sverrir Þór Sverrisson, Birkir H. Freysson, Herdís Jakobsdóttir.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggur mikla áherslu á að fyllsta öryggis verði gætt varðandi tilfærslu barna og farangurs á milli skólabíla vegna innáaksturs. Reglur verði settar í samning við verktaka um fyrirkomulagið og að bílstjórar skuli aðstoða nemendur við að færa sig og farangur á milli bíla.

Fulltrúar A-lista fóru fram á fundarhlé sem stóð í um 20 mín.

Fulltrúar A-lista lögðu fram eftirfarandi tillögu:

Í ljósi þeirra hörðu viðbragða og miklu athugasemda frá foreldrum barna Húnavallaskóla við innáakstri úr Svartárdal, gera fulltrúar A-listans það að tillögu sinn að horfið verði frá innáakstri skólabarna úr Svartárdal.

Verði tillagan samþykkt leggur A-listi til að skólaaksturinn verði skipulagður að nýju frá grunni.

Fulltrúar E-lista fóru fram á fundarhlé sem stóð í um 15 mín.

Tillaga A-listans var borin upp til atkvæða og felld með fjórum atkvæðum (ÞS, MS, JS, IS) þrír voru fylgjandi tillögunni (BM, JEP, GRH)

Fulltrúar E-lista hafna tillögu A-lista þar sem hún gæti haft í för með sér ófyrirséðan kostnað m.a. með tilliti til fyrra útboðs.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
106. fundur.

i) Frá foreldrum nemenda í 10. Bekk á Húnavöllum, dags. 30. 05. 2011.

Efni: Varðar lokapróf í dönsku.

Jakob Sigurjónsson vék af fundi undir þessum lið.

Erindið undirrita: Valur Magnússon, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Arna María
Sigurbjargardóttir, Jakob Sigurjónsson, Sesselja Sturludóttir, Ólöf Einarsdóttir.

Sveitarstjóri hefur kynnt fyrir bréfriturum rétt þeirra í þessu máli.

7. Önnur mál.

Sveitarstjóra falið að athuga með kostnað við hreinsunaráttak á járn og timbri seinna í sumar
kostnaði vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18.28

Þóra Sverrisdóttir

Björn Magnússon

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen